

**FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR**

Föstudaginn 30. desember 2011 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 17<sup>00</sup> á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinum voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Jensína Lýðsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

**1. Samningur við Rarik um lagningu hitaveitu til Skagastrandar**

Fyrir fundinum lá samningur við Rarik ohf. um lagningu hitaveitu til Skagastrandar sem oddviti og sveitarstjóri skýrðu nánar en sveitarstjórn hafði við samningsgerðina verið upplýst reglulega um samningsforsendur.

*a) Grunnforsendur samningsins.*

Í samningnum er kveðið á um að sveitarfélagið muni leggja fram óafturkræft framlag að fjárhæð kr. 260 milljóna króna til verkefnisins í samræmi við ákvæði samningsins. Af þeirri fjárhæð hefur sveitarfélagið tryggt sér 80 milljónir með sértækum framlögum á fjárlögum, 50 milljónir á fjárukalögum 2011 og 30 milljónir á fjárlögum 2012. Beint framlag sveitarfélagsins verði því 180 milljónir króna sem greiðist á árunum 2012-2014.

Rarik mun leggja stofnæð og dreifiveitu um byggðina á Skagaströnd og tengingu við hitaveitu Blönduóss. Með framlagi sveitarfélags og sérstöku framlagi á fjárlögum ríkisins hefur arðsemi af veitunni verið tryggð. Fylgigögn með samningi sem lágu einnig fyrir fundinum voru:

- Kostnaðaráætlun, greinargerð WVS-verkfræðipjónustu ehf.
- Uppdráttur af fyrirhuguðum heitavatnslögnum um Skagaströnd,
- Forsendur arðsemisútreikninga
- Bréf iðnaðarráðherra til Sveitarfélagsins Skagastrandar dags. 22. desember 2011.

*b) Framkvæmd og rekstur hitaveitu*

Í samningnum kemur fram að þegar framkvæmdum lýkur verður um að ræða eina veitu með veitusvæði sem nái yfir það svæði sem hitaveitan á Blönduósi gerir nú ásamt því sem við bætist með lagningu hitaveitunnar til Skagastrandar. Þar af leiðandi verður ein gjaldskrá fyrir allt veitusvæðið.

Rarik hefur þegar boðið út efni til veitunnar og mun í framhaldi af gerð samningsins staðfesta pöntun á efni. Verklegar framkvæmdir verða boðnar út á nýju ári og munu skiptast í þrjá megin verkhluta: Lagningu nýrrar stofnæðar frá Reykjum að Blönduósi sem verði unnin á árinu 2012, lagningu stofnæðar frá Blönduósi til Skagastrandar á fyrri hluta árs 2013 og lagningu dreifikerfis um byggðina á Skagaströnd sumarið og haustið 2013. Gert er ráð fyrir að fyrstu hús munu tengjast haustið 2013 og að öll hús hafi möguleika á tengingu haustið 2014.

*c) Lagnakerfi fyrir ljósleiðara*

Í samningi um lagningu hitaveitunnar er gert ráð fyrir að lagt verði pípukerfi fyrir ljósleiðara sem opni nýja möguleika í framtíðinni á flutningi stafrænna gagna fyrir heimili og fyrirtæki sem tengjast veitunni.

*d) Greinargerð endurskoðanda*

Fyrir fundinum lá einnig greinargerð Davíðs Búa Halldórssonar, PriceWaterhouseCoopers, endurskoðanda sveitarfélagsins þar sem lag er mat á áhrif fjárfestingar skv. 65. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, „Miklar fjárfestingar“ Í niðurstöðum hans kemur fram að þar sem fjárhagur sveitarfélagsins sé sterkur, skuldir litlar en eignir verulegar og sveitarfélagið fært um að fjármagna framkvæmdirnar af eigin fé sé það vel í stakk búið til að ráðast í verkefnið.

*e) Niðurstaða sveitarstjórnar*

Svohljóðandi bókun var samþykkt: Sveitarstjórn Skagastrandar lítur á fyrirhugaða tengingu við hitaveitu sem mikið framfaraskref fyrir byggðina og að með því opnast ýmsir möguleikar fyrir fjölskyldur og fyrirtæki auk þess áætlaða sparnaðar í orkukostnaði sem næst með nýtingu jarðvarma til húshitunar.

Sveitarstjórn samþykkti samhljóða fyrirbyggjandi samning við Rarik um lagningu hitaveitu til Skagastrandar og áritaði hann því til staðfestingar.

*f) Fréttatilkynning og kynningarfundur.*

Sveitarstjórn tók til umfjöllunar drög að fréttatilkynningu um samning við Rarik og lagningu hitaveitu til Skagastrandar. Í henni er greint frá helstu þáttum sem varða málið. Efni fréttatilkynningar var samþykkt og ákveðið að dreifa henni til íbúa á Skagaströnd og til fjölmiðla. Samþykkt að boða til kynningarfundar um málið fimmtudaginn 5. janúar nk kl 17.30 í Fellsborg.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 18<sup>40</sup>

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Jensína Lýðsdóttir,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson